

Eftir þessum málalokum þykir rétt, að stefndu greiði stefnanda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 4500.00.

Samkvæmt ákvæðum 1. tl. 236. gr. siglingalaganna ber að viðurkenna sjóveðrétt stefnanda í m/s Ernu, RE 15, til tryggingar kröfum þessum.

Benedikt Sigurjónsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna ásamt meðdómsmönnum Jónasi Jónassyni skipstjóra og Þorsteini Loftssyni vélfræðiráðunaut.

Dómsorð:

Stefndu, Núpur h/f og Síldarútvegsnefnd f. h. farmeigenda, greiði annað fyrir bæði og bæði fyrir annað stefnanda, Skipaútgerð ríkisins, kr. 50.000.00 með 6% ársvöxtum frá 28. nóvember 1951 til greiðsludags og kr. 4500.00 í málskostnað. Á stefnandi sjóveðrétt í m/s Ernu, RE 15, til tryggingar fjárhæðum þessum.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 22. febrúar 1956.

Nr. 79/1955. Ákærvaldið (Guttormur Erlendsson)

gegn

Karli Ottó Pálssyni (Ólafur Þorgrímsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Brot gegn bifreiðalögum, umferðarlögum og áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Magnús E. Guðjónsson, fulltrúi lögreglustjórans á Keflavíkurflugvelli, hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Framhaldspróf voru háð í málinu eftir uppsögu héraðsdóms. Kom þá fyrir dóm Jón Pétursson trésmiður, er ók bifreiðinni A 319 umrætt skipti. Kveðst Jón hafa séð ákærða eftir áreksturinn og „ekkert fundizt athugavert við útlit hans eða hegðun“. En samkvæmt því, sem leitt er í ljós um áfengisneyzlu ákærða og áfengismagn í blóði hans svo og með hlið-

sjón af skýrslum lögreglumanna, sem raktar eru í héraðsdómi, þykir sannað, að hann hafi verið með áhrifum áfengis, er hann ók bifreiðinni VL 2396 að kvöldi hins 12. júlí 1954. Fram er komið í málinu, að varðhaldsrefsingu samkvæmt dómi þeim yfir ákærða frá 5. ágúst 1947, er í héraðsdómi getur, var með náðun breytt í sekt hinn 29. nóvember 1949. Hefur sá dómur því ítrekunaráhrif á framangreint brot ákærða, sbr. 71. gr. laga nr. 19/1940. Með þessum athugasemdum þykir mega staðfesta héraðsdóminn.

Eftir þessum úrslitum ber ákærða að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1200.00 til hvors.

Vitni í máli þessu hafa eigi verið heitfest, eftir því sem við átti, sbr. 100. gr. laga nr. 27/1951. Er þetta mjög aðfinnsluvert.

D ó m s o r ð :

Héraðsdómurinn á að vera óraskaður.

Ákærði, Karl Ottó Pálsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmennanna Guttorms Erlendssonar og Ólafs Þorgrímssonar, kr. 1200.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Keflavíkurflugvallar 26. október 1954.

Mál þetta er með ákæruskjali dómsmálaráðherra, dagsettu 6. september s.l., höfðað gegn Karli Ottó Pálssyni, bifreiðarstjóra á Keflavíkurflugvelli, en til lögheimilis að Strandgötu 29 á Akureyri, fyrir að hafa mánudagskvöldið 12. júlí s.l. ekið strætisvagninum VL 2396 með áfengisáhrifum innan Keflavíkurflugvallar og milli hans, Njarðvíkur og Keflavíkur og eigi sýnt næga aðgæzlu nálægt húsinu Felli í Ytri-Njarðvík með þeim afleiðingum, að strætisvagninn rakst aftan á bifreiðina A 319. Teljast brot þessi varða við 1. mgr. 24. gr. sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954, 1. mgr. 23. gr. og 1. mgr. 27. gr. sbr. 1. mgr. 38. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941, 2. gr. og 2. mgr. 4 gr. sbr. 1. mgr. 14. gr. umferðarlaga nr. 24/1941.

Að því er framangreindan ölvunarakstur varðar, er málið til

vara höfðað gegn ákærða fyrir að hafa neytt áfengis við bifreiðar-akstur, en það brot telst varða við 1. mgr. 23. gr. sbr. 1. mgr. 38. gr. bifreiðalaga.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, sviptingar bifreiðarstjóraréttinda samkvæmt 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og 1. mgr. 39. gr. bifreiðalaga svo og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði hefur náð sakhæfisaldri. Er hann fæddur 17. september 1915 að Hvanneyri í Borgarfjarðarsýslu. Hefur hann sætt kærur og refsingum, sem hér segir:

Á Akureyri:

1945 25/7 Sátt, 25 króna sekt fyrir brot gegn 3. mgr. 14. gr. bifreiðalaga.

1947 5/8 Dómur, 10 daga varðhald, sviptur ökuleyfi í 3 mánuði fyrir brot gegn bifreiðalögum, umferðarlögum og áfengislögum.

1949 16/3 Sátt, 100 króna sekt fyrir verðlagsbrot.

Í Hafnarfirði:

1953 6/11 Sátt, 75 króna sekt fyrir ökuhraða.

Málavextir eru þessir:

Um kl. 20.12 mánudaginn 12. júlí s.l. var hringt til lögreglunnar á Keflavíkurflugvelli og tilkynnt, að árekstur hefði orðið á Suðurnesjavegi við húsið „Fell“ í Ytri-Njarðvíkum. Fór lögreglan á vettvang. Hafði orðið árekstur milli bifreiðanna A 319 og VL 2396, en ákærði var stjórnandi síðarnefndu bifreiðarinnar í umrætt sinn, en sú bifreið var stór fólksflutningabifreið á vegum amerísku byggingarfélaganna á Keflavíkurflugvelli. Áreksturinn hafði orðið með þeim hætti, að bifreiðinni A 319 hafði verið sveigt til hægri af þjóðveginum inn á vegarafleggjara, í því að stjórnandi VL 2396 ætlaði að aka fram úr henni. Rakst vinstra framvarahorn VL-bifreiðarinnar í bifreiðina A 319 hægra megin aftan til. Nokkrar skemmdir urðu á báðum bifreiðunum.

Lögregluþjónar þeir, er fóru á vettvang, veittu athygli ölvunareinkennum í fari ákærða. Færðu þeir hann því til læknavarðstofu amerísku byggingarfélaganna á Keflavíkurflugvelli, þar sem honum var tekið blóð til alkóhólrannsóknar. Við rannsókn fundust í blóðsýnishorninu „reducerandi“ efni, er samsvara 2.41% af alkóhóli.

Ákærði hefur fyrir dómi skýrt svo frá, að hann hafi í umrætt skipti ekið bifreiðinni VL 2396. Var hann að koma úr Keflavík á leið upp á flugvöll, en hann hafði byrjað að vinna við akstur bifreiðarinnar um kl. 18 umræddan dag. Ákærði hefur viðurkennt,

að á tímabilinu frá kl. 06.00 til 10.30 oftnefndan dag hafi hann drukkið úr einni flösku af „Aquavitae“ við 3ja mann, en þó drukkið mest sjálfur. Hafi hann fundið til töluverðra áfengisáhrifa að drykkjunni lokinni. Ákærði kveðst hafa lagzt til svefns um kl. 10.30 og sofið til kl. um 17 sama dag. Hefur hann eindregið neitað að hafa fundið til áfengisáhrifa, eftir að hann vaknaði síðari hluta dagsins.

Þeir lögregluþjónar, er afskipti höfðu af ákærða umrætt sinn, hafa komið fyrir dóm og borið vitni um útlit hans. Vitnið Albert Albertsson lögregluþjónn hefur borið, að vínlykt hafi lagt af vitum ákærða og augu hans hafi verið blóðhlaupin. Vitnið Guðmundur Erlendsson lögregluþjónn hefur skýrt svo frá, að greinilega vínlykt hafi lagt af vitum ákærða og augu hans hafi verið blóðhlaupin og glansandi. Vitnið Unnsteinn Jóhannsson lögregluþjónn hefur borið, að það hafi fundið daufa vínlykt af vitum ákærða, og hann hafi verið rauðeygður og þrútin.

Með játningu ákærða um að hafa ekið bifreiðinni VL 2396 eftir götum á Keflavíkurflugvelli og nágrenni hans á tímabilinu frá kl. 18 til 20 mánudaginn 12. júlí s.l., eftir að hafa neytt áfengis á tímabilinu frá kl. 06.00 til 10.30 sama dag og fundið til áfengisáhrifa að drykkju lokinni, svo og með framangreindum framburði 3ja lögregluþjóna, studdri niðurstöðu alkóhólrannsóknarinnar, er að framan getur, þykir mega telja sannað, þrátt fyrir neitun ákærða, að hann hafi ekið strætisvagninum VL 2396 með áfengisáhrifum þá leið, er í ákæruskjali greinir.

Þá má telja sannað með framburði ákærða og öðrum gögnum, að hann hafi eigi sýnt næga aðgæzlu, með því að hann ætlaði að aka fram úr bifreið á vegamótum og tókst ekki að stöðva bifreið þá, er hann stjórnaði, í tæka tíð til að forða árekstri, er fyrrnefnda bifreiðin beygði til hægri inn á hliðarveg.

Samkvæmt því, sem að framan er rakið, þykir ákærði hafa gerzt brotlegur við þau ákvæði laga, er í ákæruskjali greinir. Þykir refsing hans samkvæmt 45. gr. áfengislaga nr. 58 frá 1954 og 1. mgr. 38. gr. bifreiðalaga nr. 23 frá 1941 sbr. 2. gr. laga nr. 6 frá 1951 og 14. gr. umferðarlaga nr. 24 frá 1941 hæfilega ákveðin varðhald í 12 daga, með því að um ítrekað brot er að ræða.

Samkvæmt 1. mgr. 24. gr. áfengislaganna og 1. mgr. 39. gr. bifreiðalaganna ber að svipta ákærða bifreiðarstjóraréttindum ævilangt.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómsorð:

Ákærði, Karl Ottó Pálsson, sæti varðhaldi í 12 daga.

Hann er sviptur bifreiðarstjóraréttindum ævilangt frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 27. febrúar 1956.

Nr. 184/1955. **Ákærvaldið** (Hermann Jónsson)

gegn

Ferdinand Jóhannssyni (Jón N. Sigurðsson).

Dómendur:

hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnason,
Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og Theódór B. Lindal
prófessor.

Ákæra um tolllagabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum er ríkissjóði dæmt að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1500.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Allur áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, Hermanns Jónssonar og Jóns N. Sigurðssonar hæstaréttarlögmannna, kr. 1500.00 til hvors.